



## Fundur háskólaráðs 20. desember 2007

### Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludwig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 14.12.2007  
Dags: 20.12.2007

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)  
Aðalbyggingu v/Suðurgötu  
101 Reykjavík  
Sími: 525 4000  
Fax: 552 1331

19/2007

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 20. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 14.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Ólafur Þ. Harðarsson, Rúnar Vilhjálmsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þórir Hrafn Gunnarsson og Þórdís Kristmundsdóttir. Inga Jóna Þórðardóttir boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerðir frá 6. og 13. desember lagðar fram og samþykktar.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðað skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Staða mála.

##### a. Skipan fræðasviða Háskóla Íslands í deildir.

##### b. Frumhugmyndir um þörf fyrir stoðþjónustu á fræðasviðum Háskóla Íslands.

##### c. Starf forseta fræðasviðs.

Inn á fundinn komu þeir Guðmundur R. Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, Jón Atli Benediktsson, þróunarstjóri Háskólans og aðstoðarmaður rektors og Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs. Rektor gerði grein fyrir málinu og vinnu starfshópa háskólaráðs, sem skipaðir voru deildarforsetum, öðrum fulltrúum deilda og fulltrúum rektors, um skipan fræðasviðanna fimm í deildir og frumhugmyndir þeirra um stoðþjónustu og stjórnsýslu á vettvangi fræðasviða og deilda. Í máli rektors kom m.a. fram að mesti hluti vinnunnar hefur farið í deildarskiptinguna, en í framhaldinu verður beint sjónum að öðrum málefnum fræðasviðanna. Þeir Guðmundur, Jón Atli og Magnús Diðrik, sem voru fulltrúar rektors í starfshópunum, gerðu síðan grein fyrir hverri tillögu fyrir sig og voru þær ræddar ítarlega. Að umræðu lokinni bar rektor upp þá tillögu að framlagðar tillögur um skipan fræðasviða í 26 deildir yrðu samþykktar í aðalatriðum en endanlega gengið frá skipan deilda í greinar og nafngiftum á næsta fundi ráðsins 17. janúar 2008. Brýnt er að ganga frá málinu vegna kennsluskrár fyrir háskólarárið 2008-2009.

– Samþykkt samhljóða, en Rúnar Vilhjálmsson, fulltrúi Félags prófessora (Fp) og Félags háskólakennara (Fh) sat hjá. Lagði hann fram svohljóðandi bókun: „Fulltrúi Fp og Fh telur að ræða hefði þurft deildarskiptingu Háskóla Íslands í samhengi við aðra þætti skipulags innan fræðasviðanna. Skýrar forsendur fyrir stofnun nýrra deilda koma ekki fram í tillögum starfshópa um málefni sviða. Þá liggja ekki fyrir

greinargerðir um hvernig nýjar deildir, sem gerð er tillaga um, muni efla starfsemi viðkomandi sviða miðað við aðra skipan þeirra eininga. Eðlilegt er að allir deildarfundir Háskólans fái tækifæri til umræðu og afgreiðslu tillagnanna. Því leggur fulltrúi Fp og Fh til að afgreiðslu á tillögum um deildarskiptingu verði frestað til að gefa deildum betra tóm til að vinna að tillögum um deildarskiptingu í samhengi við aðra þætti í starfsemi sviðanna og á grundvelli viðurkenndra akademískra sjónarmiða.“

## **2. Erindi til háskólaráðs**

### **2.1 Aðild Háskóla Íslands að félaginu Orkuvörðum ehf. sem starfrækir RES School for Renewable Energy Science, sbr. samning Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og RES, dags. 12. október sl.**

Jón Atli Benediktsson gerði ítarlega grein fyrir málinu og var það rætt. Svaraði Jón Atli spurningum ráðsmanna.  
– Samþykkt einróma.

### **2.2 Stjórnir, nefndir og ráð: Fulltrúi Háskóla Íslands í stjórn Félagsstofnunar stúdenta til næstu tveggja ára.**

Rektor gerði grein fyrir málinu og lagði til að Baldur Þórhallsson, prófessor við félagsvísindadeild, verði fulltrúi Háskóla Íslands í stjórn Félagsstofnunar stúdenta til næstu tveggja ára í stað Skúla Sv. Júlíussonar, rekstrarstjóra fasteigna, sem hættur er störfum við Háskóla Íslands.  
– Samþykkt einróma.

### **2.3 Stofnanir sem heyra beint undir háskólaráð og fara undir fræðasvið/deildir.**

Þórður Kristinsson gerði grein fyrir fyrirbyggjandi erindi Siðfræðistofnunar og var það rætt. Svöruðu Þórður og rektor framkomnum spurningum og athugasemdum.  
– Frestað þar til hlutverk og skipulag stofnana verður endurskoðað.

## **3. Mál til fróðleiks**

### **3.1 Skýrsla Vinnumatssjóðs 2007 vegna verka ársins 2006.**

Fleira var ekki gert.  
Fundir slitið kl. 16.15.